

# Áveitan

2. tbl. 4. árgangur. Febrúar 2010

## Þjótandi, góður árgangur

Eins og flestir vita eru ungmennafélögin í Flóahreppi byrjuð að keppa sameiginlega á HSK mótum undir nafni Þjótanda.

Þann 10. janúar fór vaskur hópur með skólabíl á HSK mót 11-22 ára í Laugardalshöll í Reykjavík. Krakkarnir gerðu þar afar góða ferð en 26 krakkar tóku þátt og einnig var Rúnar Hjálmarsson þjálfari með í för. Í flokkum 11-14 ára varð lið Þjótanda í 2. sæti í stigakeppninni með 249 stig en Selfoss sigraði. Í flokkum 17-22 ára varð Þjótandi í 5. sæti með 28 stig. 12. og 19. janúar var svo Héraðsmót HSK í flokkum fullorðinna haldið í Laugardalshöll. Þar mættu 10 keppendur til leiks og náðu 3. sæti með 44 stig. Nánari úrslit af þessum mótum er að finna hér á síðum Áveitunnar.

Það hefur sýnt sig í vetur að það hefur góð félagsleg áhrif á krakkana að æfa og keppa í sama liði og vonandi heldur þetta góða samstarf áfram í sumar.

Næsta verkefni Þjótanda eru Héraðsleikar 11 ára og yngri í mars en þangað mun mæta stór hópur vaskra krakka sem æft hafa af kappi í vetur undir handleiðslu Rúnars og Huldu þjálfara.



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

### Frá Sveitarstjóra

#### **Reglur um lækkun fasteignaskatts**

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá nýjum reglum varðandi lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts og er rétt að minna á ákvæði um skil á umsóknum. Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

**Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. febrúar ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.**

**Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK og þurfa þeir ekki að senda inn umsóknir.**

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	1.910.048	100%	2.530.193	100%
Allt að	2.137.614	75%	2.880.710	75%
Allt að	2.364.101	50%	3.230.152	50%
Allt að	2.585.199	25%	3.580.664	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári.

**Samstarfssamningur milli Flóahrepps og ungmennafélaga sveitarfélagsins**  
Sveitarstjórn og ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka eru að vinna að gerð samstarfssamnings sín á milli.

Samningnum er ætlað að styðja við og efla samstarf á milli sveitarstjórnar og ungmennafélaganna og tryggja áframhaldandi öflugt íþróttá, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu.

Í samningnum felst að ákveðið framlag er veitt árlega til ungmennafélaganna til að styðja við og styrkja starf félaganna. Ungmennafélögin munu annast styrk-

veitingar til einstaklinga sem æfa íþróttir utan sveitarfélags og til æfinga- og keppnisferða innanlands og utan samkvæmt samþykktum sem þau setja sér.

### **Jafnréttisáætlun Flóahrepps**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 13. janúar s.l. var jafnréttisáætlun samþykkt fyrir Flóahrepp. Jafnréttisáætlun byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúum.

Jafnréttisáætlun má sjá í heild á heimasíðunni, [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

### **3. fasa rafmagn**

Sveitarstjórn hefur í nokkur skipti rætt um 3. fasa rafmagn í Flóahreppi og sent erindi til Rarik þar sem farið er fram á að lokið verði við lagningu og tengingu þriggja fasa rafmagns í öllu sveitarfélaginu.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að senda Rarik bréf þar sem fyrri bókanir eru ítrekaðar og óska eftir upplýsingum um áætlanir í tengslum við það að ljúka lagningu þriggja fasa rafmagns.

### **Erindi frá MAST**

Matvælastofnun hefur lagt fram tillögur um að nöfn á sauðfjárveikivarnarhólfum verði þrjú og heiti: Flóa- Skeiða- og Hreppahólf, Biskupstungnahólf og Grímsnes- og Laugardalshólf.

Einnig hefur Matvælastofnun lagt til að breyta reglum um litamerkingar sauðfjár þannig að í Flóa- Skeiða og Hreppahólfi yrðu þrjú litir eftir heimaréttum fjár á svæðinu. Er það tilkomið vegna þess að mælst hefur verið til þess að aðkomufé sé ekki tekið heim úr skilarétt heldur felld og bætt sem línubróttar. Fé sem ætti heimarétt í Skaftholtsréttum væri t.d. með hvítan lit, fé með heimarétt í Reykjaréttum með ljósbláan lit og fé í Hrunaréttum með gulan lit. Ef þetta gengur eftir verður mælst til þess að lömb verði merkt með nýjum litum í vor og ásettar kindur næsta haust. Hins vegar verður mönnum ekki gert skylt að skipta um merki í eldra fé.

### **Flóaskóli framkvæmdir**

Steypuvinnu við veggj á fyrstu hæð viðbyggingar Flóaskóla er lokið og verið er að undirbúa steypu á plötu annarrar hæðar. Reiknað er með að unnt verði að steypa hana í byrjun febrúar. Verkinu miðar vel enda hefur veður verið afar milt og lítið hamlað framkvæmdum.

## *Frá Flóaskóla*

Tíminn flýgur áfram í Flóaskóla eins og alltaf þegar mikið er að gera. Okkur finnst skólaárið nýhafið en nú fer samt sem áður að síga á seinni hluta þess. Á döfinni eru námsmatsviðtöl allra nemenda við umsjónarkennara sína. Í viðtölunum gefst færi á að líta yfir farinn veg, fara yfir stöðuna eins og hún er í dag og setja sér ný markmið. Það er nefnilega þannig að það er alveg sama hvaða verkum við sinnum, við þurfum alltaf að setja okkur ný markmið. Vinnusemi og góð ástundun geta skilað miklum og góðum árangri en þetta eru atriði sem við leggjum áherslu á að allir tileinki sér, þrátt fyrir að áhugamál og geta á einstökum sviðum séu misjöfn.

Þorablót skólans sem haldið var í Félagslundum á bóndadaginn var vel sótt en um 200 manns borðuðu þar saman; nemendur, starfsfólk og gestir. Þorablótið er skemmtileg hefð sem gaman er að halda í og eiga matráðskonur skólans og foreldrar heiður skilinn fyrir mikla og góða vinnu sem gerir okkur kleift að halda svona stórt blót.

Skólaráð Flóaskóla kom nýverið saman til fyrsta fundar á nýju ári. Samkvæmt reglugerð sem ráðið starfar eftir er gerð krafa um að skólaráð standi árlega fyrir opnum fundi fyrir íbúa skólasamfélagsins um málefni er snerta skólastarfið. Slíkur fundur hefur nú verið ákveðinn þann 4. mars nk. og er auglýstur hér á síðum Áveitunnar. Aðrar auglýsingar verða senda þegar nær dregur.

Þann 11. febrúar nk. verður skemmtikvöld í skólanum fyrir nemendur í 7.-8. bekk en það verður spennandi þar sem við fáum 7.-8. bekkinga frá Grunn-skólanum Ljósaborg í Grímsnesi í heimsókn. Krakkarnir ætla að borða saman pylsur og meðlæti, sjá um skemmtiatriði og dansa saman. Eins og venjulega verður opin sjoppa. Ljósaborg í Grímsnesi er skóli fyrir 1.-8. bekk eins og Flóaskóli en þar stunda um 50 nemendur nám. Það verður gaman að fá þessa nágranna okkar í heimsókn ☺.

Á döfinni er heimsókn frá „Tónlist fyrir alla“, aukið samstarf við Krakkaborg vegna verðandi 1. bekkinga, grímuball á vegum foreldrafélagsins og undirbúningur árshátíðar skólans. Auk þess hefst undirbúningur fyrir næsta skólaár í febrúar og fljótlega verða laus störf við skólann fyrir næsta skólaár auglýst. Þeir íbúar Flóahrepps sem vilja hafa áhrif á mótun skólastarfsins eru hvattir til að koma á auglýstan fund skólaráðs 4. mars nk. og leggja sitt af mörkum verðandi þróun skólastarfs í ört stækkandi skólastofnun.

Bestu kveðjur frá Flóaskóla,  
Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.  
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

## Fréttir frá Krakkaborg

Janúarmánuður hefur nú flogið framhjá, og óhætt að segja að tíminn líði hratt á gervihnattaröld eins framkom í þekktum dægurlaga texta. Þann 4. janúar var starfsdagur hér í leikskólanum. Unnið var að margskonar skipulagsmálum en einnig var haldið skyndihjálparnámskeið sem tókst í alla staði mjög vel. Þó svo að flest starfsfólk leikskólans hafi áður sótt slíkt námskeið þá er góð vísa aldrei of oft kveðin í þessum efnum. Enda er mælst til að fólk sækji slíka námskeið á tveggja ára fresti. Í tengslum við þetta höfum við unnið svokallaða áfallaáætlun en í henni má finna viðbragðsáætlun slysa.

Þriðjudaginn 5. janúar var leikskólinn lokaður vegna viðgerða. Í ljós komu skemmdir sem orðið höfðu á neysluvatnslögnum er liggja í lofti skólans. Minniháttar vatnsskemmdir urðu vegna þessa en ákveðið var að loka leikskólahúsnæðinu til að gæta fyllsta öryggis. Hratt og örugglega var unnið að bráðabirgðar viðgerðum og var leikskólinn opnaður aftur miðvikudaginn 6. janúar. Nú stendur hins vegar fyrir að endurnýja þessar vatnslagnir enda kom í ljós að það er orðið löngu tímabært.

Próunarvinnu við starfsáætlun leikskólans er nú lokið en samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfsemi. Starfsáætlun leikskólans verður því aðgengileg á heimasíðu leikskólans um leið og búið er að leggja hana fyrir fræðslunefnd Flóahrepps.

Undanfarið hefur Guðmundur umsjónamaður fasteigna unnið hörðum höndum í leikskólanum. Meðal annars hefur hann sett upp hillur fyrir ofan fatahólf barnanna í anddyri skólans. Tilgangur þessara breytinga er fyrst og fremst sá að auðvelda börnunum að gera hlutina sjálf og efla þannig sjálfstæði þeirra.

Einn daginn í janúar fóru nemendur leikskólans í miklar framkvæmdir á útisvæði leikskólans. Þar sem jörðin var um tíma frosin og því mikið um polla á leiksvæðinu þegar hlýnaði. Börnin voru fljót að sjá möguleikana í öllum þessum pollum og sameinuðu þá í einn stóran poll sem fékk nafnið "Krakkavatn" Þvínæst grófu þau skurð úr pollinum og inn í skóg og fylgdust svo með þegar vatnið rann eftir skurðinum. Skurðurinn fékk það virðulega heiti "Vísindakrakkaborgará" og var stór og mikil á þar sem lifa fiskar, hafmeyjar og ýmislegt fleira. Þar var líka að sögn barnanna hægt að veiða en þá þurfti maður að vera mjög heppinn og eiga stóra veiðistöng.

Elstu börn leikskólans fara fjórum sinnum í viku í markvissa málörvun og í einum tímanum sömdu þau þetta líka fina ljóð. Þau byrjuðu á því að finna fyrst nokkur orð sem rímuðu en því næst röðuðu þau þeim saman í fallega vísu sem hljóðar svo:

Einu sinni var prestur,  
hann hélt að hann væri bestur,  
svo kom hestur  
og líka einn gestur.  
Hesturinn fór í kjól  
og fór upp á hól,  
svo kom mikil sól  
og hesturinn rak upp gól.

Höf.: Ágúst, Einar, Freyja Kristín, Guðmunda Bríet, Hallgerður, Heinz Jóhann og Sæþór.

Bestu kveðjur,  
Fyrir hönd starfsfólks Krakkaborgar  
Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri

### **Íbúafundur um skólamál**

**Skólaráð Flóaskóla boðar íbúa sveitarfélagsins til opins fundar um málefni skólans og mótun skólastarfsins til framtíðar.**

Íbúafundurinn verður haldinn í Flóaskóla fimmtudagskvöldið 4. mars kl. 20:30. Íbúar eru beðnir um að íhuga þau efni sem þeir vilja ræða á fundinum og taka virkan þátt í hópastarfi. Önnur auglýsing verður send út þegar nær líður fundartíma.

Skólaráð óskar eftir þátttöku samfélagsins alls við mótun hugmynda um uppbyggingu starfsins í Flóaskóla til framtíðar. Skólinn stendur á tímamótum nú þegar unglingsdeild hefur verið stofnuð við skólann og nemendum og starfsfólki hefur fjölgað. Skólinn er hornsteinn samfélagsins - skoðanir og hugmyndir okkar allra skipta máli.

Skólaráð Flóaskóla.

*Skólaráð Flóaskóla starfar samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð um starfsemi skólaráða. Haustið 2008 var níverandi skólaráð kosið til tveggja ára. Í ráðinu sitja 9 fulltrúar samkvæmt lögnum og skiptast þeir þannig:*

*Margrét Helga Steindórsdóttir, fulltrúi nemenda*

*Sveinn Orri Einarsson, fulltrúi nemenda*

*Elín M. Karlsdóttir, fulltrúi foreldra*

*Sólveig Þórðardóttir, fulltrúi foreldra*

*Baldur I. Sveinsson, fulltrúi grenndarsamfélags*

*Alda Stefánsdóttir fulltrúi kennara*

*Sigrún Helgadóttir fulltrúi kennara*

*Kristín Tómasdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna skólans*

*Kristín Sigurðardóttir, skólustjóri.*

## Pistillinn

Ástráður nágranni minn á Eystri Hellum skorar á mig í síðustu Áveitu að skrifa pistilinn að þessu sinni og ætla ég að reyna að verða við því þó heldur sé ég nú pennalatur. Þetta verður svona sitt lítið af hverju hjá mér, vangaveltum og hugrenningum.

Ekki var ég hár í loftinu þegar ég fór að suða í foreldrum mínum að ég fengi að mjólka mína kú en í þá daga var víða til síðs að hvert barn eignaði sér eina kýr. Þá voru yfirleitt ekki komnar mjaltavélar og kýrnar því handmjólkaðar. Snemma beygðist krókurinn til þess sem verða vildi og stefnan tekin á að gerast bóndi og sé ekki eftir að svo fór. Ég tel að starf bænda sé mjög skemmtilegt og gefandi þótt oft sé vinnudagurinn langur og fridagar mjög fáir, allavega hjá kúabændum. Vona ég að enn eigi það við sem Jónas Hallgrímsson segir í kvæði sínu *Alþing hið nýja*: „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi, því skal hann virður vel.“

Ég vil líta svo á að bændur og sjómenn stundi þá atvinnu sem vel þarf að hlúa að, því framleiðsla matvæla fyrir allt mannkyn hlýtur að vera undirstaða alls lífs á jörðu því engin lifir lengi án fæðu. Ekki er það ætlun mín að gera lítið úr öðrum störfum fólks en frumþörfin er að hafa fæði og klæði.

Oft hef ég undrast hve margir í þessu þjóðfélagi hafa talað og skrifað um landbúnað og bændur á neikvæðan hátt og oft af mikilli vanþekkingu. Þessir spekingar vilja oft á tíðum leiðbeina okkur og stjórna á ýmsa lund. Til dæmis birtist grein nýlega eftir fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins þar sem hann telur að í sumum fjósum séu mjaltatækin vannýtt og vill þessi ágæti maður því að aðrir bændur komu sínum kúm í mjaltir í þessi fjós en í greininni kemur ekki fram hvort kýrnar eiga að vera þar í fódri eða nærast heima hjá sér eða fara á milli. Ekki er öll vitleysan eins!

Í síðustu Áveitu birtist grein skrifuð af Reykvíkingsi sem fæddist hér í Flóanum fyrir miðja síðustu öld. Hann fær köllun til að setja ofan í við okkur, örfáa bændur sem eftir eru í Gaulverjabæjarhreppnum. Ástæðan? Jú, við látum ekki svo lítið að mæta á spilakvöld hjá Kvenfélaginu og leiðir jafnvel að því líkur að við séum að horfa á Himinblámann. Það er alveg með ólíkindum hvað menn telja sér koma við. Það væri ágætt verkefni fyrir sagnfræðinga og þjóðfræðinga framtíðarinnar að kanna hvað liggur á bakvið þessa árattu Reykvíkingsa að ráðskast með okkur bændur.

Freysteinn Gunnarsson sem fæddist í Vola, talar í kvæði sínu *Flóinn* um hina dökku frjóu mold sem hér er og minnir þannig á mátt gróðurmoldarinnar á okkar svæði. Ég tel að við Flóabændur getum nýtt gróðurmoldina betur en nú er gert. Hér er mikið vannýtt land og sé ég fyrir mér að hér mætti rækta korn og fleiri fódurjurtir í miklu meira mæli en nú er gert. Þá væri hægt að stórminnka

innflutning á erlendu kjarnfóðri. Tel ég þessa möguleika til fóðuröflunar mikla víðar um land og sé til dæmis fyrir mér Rangárvallasýsluna sem einn gulan akur. Vonandi verða bændur framtíðarinnar þeir bústólpar að þetta megi rætast.

Læt ég þessari hugleiðingu lokið og sendi áskorun efst upp í Flóa og skora á Elínu Magnúsdóttir á Brúnastöðum að skrifa næsta pistil.

Geir Ágústsson  
Gerðum

## Glímufréttir

### **Glímumót framundan**

Grunnskólamót HSK verður haldið í Reykholti miðvikudaginn 3. febrúar næstkomandi og hefst kl. 11:00.

### **100 ára afmæli Skjaldarglímu Skarphéðins og Héraðsmót HSK**

Fer fram á Laugarvatni laugardaginn 20. febrúar og verður mikið um dýrðar að þessu tilefni. Stefnt er að mikilli þátttöku glímufólks í Skjaldarglímunni og eins eru krakkarnir hvattir til að fjölmenna í héraðsmótið.

Glímuæfingar eru í Félagslundi á mánudagskvöldum frá kl. 20 til 21.

## **Þakkir**

Kæru sveitungar, ættingja og vinir og allir þeir sem glöddu mig með gjöfum og nærveru í tilefni 50 ára afmælis míns. **Takk fyrir mig**, þið vorum þátttakendur í því að gera daginn skemmtilegan og eftirminnilegan. Megi árið verða ykkur gæfuríkt og gott.

Með kveðju Ella Veiga í Egilsstaðakoti



*Þorrablótin gengin um garð  
Heilsum Góu með eitthvað á prjónunum*

### **Prjónakvöld**

Hvenær : *Fimmtudaginn 25. febrúar,*

Hvar : *Gaulverjaskóla, Kl 20.00*



## Fréttir af aðalfundi Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram sunnudaginn 17. janúar í Félagslundi. Níu mættu til fundarsins sem var málefnalegur og góður í alla staði. Stefán formaður flutti skýrslu um starf ársins 2009 sem var mikið og fjölbreytt að vanda. Á skemmtanasviðinu bar hæst uppsetningu Pásakhrets með Baldri og Vöku. Á íþróttasvæðinu kenndi ýmissa grasa. Metþáttaka var í Flóahlaupi, Þjótandi varð til og nánari samvinna með Baldri og Vöku um íþróttæfingar á komst á árið 2009.

Hugrún gjaldkeri flutti reikninga félagsins sem gáfu til kynna góðan fjárhag en rekstur félagsins skilaði hagnaði. Stjórn félagsins var endurkosin einróma er skipan hennar og nefnda hér að neðan. Félagsmálabikar Samhygða fyrir árið 2009 var veittur Markúsi Ívarssyni fyrir „mikinn félagslegan áhuga og fórnfýsi fyrir málstað ungmennfélagshreyfingarinnar í áratugi,“ eins og sagði í umsögn stjórnar. Góðar og gagnlegar umræður urðu um íþróttastarfið og framtíðarverkefni félagsins, svo sem endurgerð íþróttavallarins.

Stjórn

# Meðstjórn endur *Formaður:*

# Stefán Geirsson

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

### **Bíóferð!**

Ágætu félagskonur. Nú bregðum við undir okkur betri fætinum og förum í bíó n.k. föstudagskvöld 5. febrúar. Við sameinumst í bíla við Þjósárver kl. 20:30 og förum til Reykjavíkur þar sem verið er að sýna íslensku myndina „Mamma Gógó“ eftir Friðrik Þór Friðriksson. Látið vita um þátttöku í síðasta lagi um hádegi á föstudag hjá Dísu 486-3324 eða Fanneyju 486-3345. Ykkur er velkomið að taka með ykkur gesti.  
Skemmtinefndin

### **Prjónakvöld-húfuprjón**

Við ætlum að hittast í Þjósárveri föstudagskvöldið 12. febrúar kl. 20:30 og prjóna ungbarnahúfur vegna 80 ára afmælis KÍ. Hafið meðferðis dokku af Kambgarni frá Ístex og prjóna nr. 2,5-3. (40 cm hringprjón eða sokkaprjóna). Uppskriftir og merkimiðar verða á staðnum. Kristín á Hurðarbaki tekur við húfunum og kemur þeim áfram til SSK. Mætum allar og tökum þátt í skemmtilegu verkefni, þær sem ekki vilja prjóna húfur mæta bara líka með einhverja aðra handavinnu meðferðis.  
K.St.

## Aðalfundur Umf. Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs var haldin þann 17. janúar síðastliðinn í Þingborg, í annarri tilraun þar sem boðaður fundur þann 10. janúar þótti ekki löglegur vegna mætingar félagsmanna. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins en 2 gengu úr stjórn þetta árið, þeir Haukur Gíslason formaður og Ágúst Hjálmarsson varaformaður. Nýr formaður Umf. Baldurs var kosinn Baldur Gauti Tryggvason en hann var áður varaformaður félagsins. Nýr varaformaður er Rúnar Hjálmarsson og við sæti Ágústs í varastjórn tók Guðmundur Bjarnason.

### Stjórn og nefndir Umf. Baldurs árið 2010:

#### Stjórn:

Baldur Gauti Tryggvason formaður  
Rúnar Hjálmarsson varaformaður  
Guðrún Gísladóttir ritari  
Svanhvít Hermannsdóttir gjaldkeri  
Einar Magnússon meðstjórnandi  
Til vara:  
Dagbjartur Ketilsson  
Guðmundur Bjarnason

#### Íþróttanefnd:

Rúnar Hjálmarsson formaður  
Gunnar Ingi Jónsson  
Gísli Gautason  
Guðrún Gísladóttir  
Kristrún Steinþórsdóttir  
Til vara:  
Harpa Almarsdóttir  
Jón Gautason

#### Skemmtinefnd:

Haukur Gíslason formaður  
Birna Almarsdóttir  
Sólrún Baldursdóttir  
Iðunn Sigurðardóttir  
Gunnhildur Gísladóttir  
Harpa Almarsdóttir  
Jón Gautason  
Guðmundur Bjarnason  
Til vara:

Íris Björk Garðarsdóttir  
Hafsteinn Óskar Kjartansson  
Margrét Helga Steindórsdóttir  
Hjördis Björg Viðjudóttir  
Birgitta Kristín Bjarnadóttir

#### Ölsölu nefnd:

Dagbjartur Ketilsson formaður  
Brynjar Þór Þormóðsson  
Ágúst Hjálmarsson  
Ívar Freyr Hafsteinsson  
Birna Almarsdóttir  
Harpa Almarsdóttir  
Iðunn Sigurðardóttir

#### Ritnefnd

Baldur Gauti Tryggvason fulltrúi í ritstjórn  
Áveitunnar  
Til vara:  
Haukur Gíslason  
Dagbjartur Ketilsson

#### Ræktunarnefnd:

Baldur I. Sveinsson  
Skeggi Gunnarsson  
Gauti Gunnarsson  
Til vara:  
Einar Hjálmarsson

#### Endurskoðendur:

Hafsteinn Stefánsson  
Gísli Hauksson

## Hrósdálkurinn

Það er mér bæði ljúft og skylt að taka áskorun Oddnýjar í Gaulverjaskóla að hrósa í þessari gusu áveitunnar. Það er hins vegar öllu erfiðara að finna aðila til að hrósa. Slíkt er varla nokkur leið. Að vísu ekki vegna þess að þeir finnist ekki hér í sveit, heldur fremur vegna þess að svo margir eiga það skilið að erfitt er að velja á milli þeirra. Mér komu þó strax í hug tveir aðilar eða hópar sem ég ætla að halda mig við. Báðir þessir aðilar hafa það sameiginlegt að standa fyrir öflugum starfi hér í sveit, hafa góð og uppbyggjandi áhrif á samfélagið, eru sniðin fyrir yngri kynslóðina en hefur mikil áhrif á „eldri“ kynslóðina líka.

Annars vegar eru þetta ungmennafélögin hér í Flóanum. Þetta eru þau félög í þessu samfélagi sem eru virkust og standa fyrir viðburðum nánast í hverri einustu viku. Þau virkja unga fólkið sem skilar sér til þess aftur t.d. í betri félagsþroska, forvörnum og heilsu. Það skilar einnig samfélaginu öflugri félagsvitund og frjórri mannlífi. Ég vil nota tækifærið og hvetja okkur sem eldri erum, að styðja við bakið á starfi félaganna, þó ekki væri nema með því að hvetja börnin til þátttöku og telja ekki eftir sér að „skutla“ þeim á viðburði.

Hins vegar vil ég hrósa þeim sem standa að hinu öflugra skólustarfi í Flóaskóla. Þó að ég ætlaði ekki að nefna hér einstaklinga er ekki hægt að komast hjá því að nefna til sögunnar Kristínu Sigurðardóttir skólastjóra, sem stendur þar í stafni. Skólustarf er hins vegar samstarf og samvinna margra og vil ég því beina hrósinu til allra sem að því koma. Sem foreldri verð ég vitni að metnaðarfullu og faglegu starfi, en ekki síst skynja ég gleði í skólustarfinu og kannski er það það allra mikilvægasta í lífinu.

Sem íbúi í sveitinni verð ég vitni að því að þetta vel heppnaða skólustarf hefur sameinað okkur í sveitarfélaginu og gert okkur stolt og jákvæð. Það er bara ekki hægt annað en að hrósa fyrir það.

Að lokum skora ég á Jón Elías Gunnlaugsson bjórbónða í Ölvisholti að leggja orði í þennan belg.

Bjarni Stefánsson, Túni

## Frá Umf. Vöku:

### **Skautuferð**

Fimmtudaginn 25. febrúar ætlar ungmennafélagið Vaka að standa fyrir skautuferð til Reykjavíkur. Brottför verður frá Þjórsárveri kl 17:00 og áætluð heimkoma er kl 20:30. Aðgangur í höllina og skautaleiga kostar 700 krónur og ungmennafélagið sér um að borga rútu eða annað farartæki, fer eftir þátttöku.

Krakkar yngri en 12 ára verða að vera í fylgd með fullorðnum. Tilkynnið þátttöku í síðasta lagi þriðjudaginn 23. febrúar til Guðmundu í síma 846-9775.

Skemmtinefnd

### **Blakæfingar**

Vaka stendur fyrir blakæfingum í Þjórsárveri fyrir félagsmenn 16 ára og eldri. Æfingarnar verða haldnar á miðvikudagskvöldum kl. 21:00. Hvetjum bæði karla og konur til að mæta og hafa gaman af.

Íþróttanefndin.

### **Innanhúsmót Vöku**

Innanhúsmót Umf. Vöku verður haldið laugardaginn 13. febrúar. Mótið hefst stundvíslega kl 14:00.

Að venju er keppt í langstökki án atr, þristökki án atr, hástökki og kúluvarpi.

Íþróttanefndin.

### **Úrslit af mótum:**

#### **1. Nýjársmót ÍR**

Haldið í Laugardalshöll 4. janúar 2010. Mæting var mjög dræm á mótinu og því var þristökk eina keppnisgrein dagsins. Einu keppendurnir voru Bjarni Már og Haraldur.

Bjarni Már Ólafsson	'91	Þristökk	13,17 m	1. sæti
Vökumet				
Haraldur Einarsson	'87	Þristökk	12,96 m	2. sæti

#### **Nýjársmót Fjölnis og Ármanns**

Haldið í Laugardalshöll 7. janúar 2010. Vaka átti þar þrjá keppendur, þá Bjarna Má Ólafsson, Harald Einarsson og Rúnar Hjálmarsson.

Bjarni Már Ólafsson	'91	60 m hlaup	7,59 sek	9. sæti
		Þristökk	12,70 m	2. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60 m hlaup	7,41 sek	6. sæti
		200 m hlaup	23,56 sek	2. sæti
Rúnar Hjálmarsson	'87	Kúluvarp 7,26 kg	10,01 m	1. sæti

## Stórmót ÍR

Haldið í Laugardalshöll dagana 23. og 24. janúar 2010. Vökumennirnir Bjarni Már Ólafsson og Haraldur Einarsson kepptu á mótinu.

Bjarni Már Ólafsson '91	Þrístökk	13,16 m	3. sæti
Haraldur Einarsson '87	60 m hlaup	7,32 sek	6. sæti Vökumet
	200 m hlaup	23,39 sek	6. sæti HSK met
	400 m hlaup	51,26 sek	4. sæti HSK met

## Úrslit af HSK mótum

Ungmennafélagar hafa keppt sameiginlega undir nafni Þjótanda á HSK mótunum í vetur og árangurinn verið heldur betur góður. Hér koma úrslit af nokkrum mótum, en fleiri biða birtingar í næstu Áveitu

### Unglingamót HSK

Haldið í Laugardalshöll 10. janúar 2010.

Bjarni Már Ólafsson '91	60 m hlaup	7,63 sek	1. sæti
	Hástökk	1,80 m	3. sæti Vökumet
	Langstökk	5,91 m	2. sæti
	60 m grindahl.	9,49 sek	1. sæti
Tómas Karl Guðsteinsson '90	60 m hlaup	8,15 sek	4. sæti
	Langstökk	5,33 m	3. sæti

### Aldursflokkamót HSK

Haldið í Laugardalshöll 10. janúar 2010. Þjótandi lenti í 2. sæti í heildarstigakeppni mótsins á eftir Umf. Selfoss.

### Stelpur 11 ára

Sunna Skeggjadóttir	60 m hlaup	10,26 sek	4. sæti
	Hástökk	1,05 m	2-3. sæti
	Langstökk	3,28 m	5. sæti
	Kúluvarp	6,61 m	1. sæti
	800 m hlaup	3:11 mín	2. sæti
Eyrún Gautadóttir	60 m hlaup	10,76 sek	6. sæti
	Hástökk	1,05 m	2-3. sæti
	Langstökk	3,23 m	6. sæti
	Kúluvarp	5,21 m	6. sæti
	800 m hlaup	3:12 mín	3. sæti

### Stelpur 12 ára

Hanna Kristín Ólafsdóttir	60 m hlaup	10,53 sek	4. sæti
	Hástökk	1,00 m	5. sæti
	Kúluvarp	5,77 m	5. sæti

### Telpur 13 ára

Guðrún Inga Helgadóttir	Langstökk	3,59 m	5. sæti
	Hástökk	1,15 m	6. sæti
	60 m hlaup	9,69 sek	5. sæti
	Kúluvarp	6,79 m	4. sæti
	60 m grind.	13,53 sek	6. sæti
Dagmar Öder Einarsdóttir	Langstökk	3,71 m	3. sæti
	Hástökk	1,35 m	2. sæti
	60 m hlaup	9,47 sek	4. sæti
	Kúluvarp	6,16 m	6. sæti
	60 m grind.	13,02 sek	2. sæti
800 m hlaup	3:03 mín	3. sæti	

### Telpur 14 ára

Ásrún Halla Loftsdóttir	Langstökk	2,93 m	9. sæti
	60 m hlaup	10,29 sek	8. sæti
	Kúluvarp	6,63 m	4. sæti
	60 m grind.	14,94 sek	4. sæti
	800 m hlaup	3:37,30 mín	4. sæti
Margrét Helga Steindórsd.	Langstökk	3,54 m	7. sæti
	Hástökk	1,20 m	5. sæti
	60 m hlaup	9,92 sek	5. sæti
	Kúluvarp	5,81 m	6. sæti

### Strákar 11 ára

Þórarinn Guðni Helgason	Hástökk	0,90 m	3. sæti
	60 m hlaup	13,61 sek	5. sæti
	Langstökk	2,10 m	5. sæti
	Kúluvarp	5,48 m	4. sæti
	800 m hlaup	4:12 mín	2. sæti

### Strákar 12 ára

Ægir Atlason	Hástökk	1,20 m	2. sæti
	60 m hlaup	9,78 sek	2. sæti
	Langstökk	4,08 m	1. sæti
	Kúluvarp	8,38 m	2. sæti
	800 m hlaup	3:10 mín	3. sæti
Magnús Freyr Bárðarson	Hástökk	1,20 m	3. sæti
	Langstökk	3,09 m	6. sæti
	60 m hlaup	11,01 sek	5. sæti
	Kúluvarp	7,27 m	4. sæti
Unnar Freyr Bjarnarson	800 m hlaup	3:29 mín	5. sæti
	Hástökk	1,10 m	4.-5. sæti
	Langstökk	3,11 m	5. sæti
	60 m hlaup	11,14	7. sæti
Kúluvarp	6,42 m	7. sæti	

	800 m hlaup	3:50 mín	7. sæti
Sigurður Andri Jóhannesson	Hástökk	0,90 m	8. sæti
	60 m hlaup	11,97 sek	9. sæti
	Langstökk	2,95 m	8. sæti
	Kúluvarp	6,76 m	6. sæti
	800 m hlaup	3:52 mín	8. sæti
Þorgils Kári Sigurðsson	Hástökk	0,90 m	6.-7. sæti
	60 m hlaup	10,62 sek	4. sæti
	Langstökk	3,06 m	7. sæti
	Kúluvarp	6,63 m	6. sæti
	800 m hlaup	3:26,00 mín	4. sæti
Alexander Jón Másson	60 m hlaup	10,20 sek	3. sæti
	Langstökk	3,50 m	3. sæti
	800 m hlaup	2:58 mín	2. sæti
Jón Gunnþór Þorsteinsson	Kúluvarp	7,75 m	3. sæti

### **Piltar 13 ára**

Jón Þór Pálsson	Hástökk	1,10 m	8. sæti
	Langstökk	3,51 m	6. sæti
	Kúluvarp	7,83 m	2. sæti
	60 m hlaup	10,18 sek	8. sæti
	60 m grind.	13,54 sek	3. sæti
	800 m hlaup	2:55 mín	6. sæti
Jóann Páll Smáráson	Hástökk	1,00 m	10. sæti
	Langstökk	3,40 m	7. sæti
	Kúluvarp	4,73 m	10. sæti
	60 m hlaup	10,46 sek	11. sæti
	60 m grind.	24,33 sek	6. sæti
	800 m hlaup	3:37 mín	8. sæti
Magnús Öder Einarsson	Hástökk	1,20 m	5. sæti
	Langstökk	3,15 m	11. sæti
	Kúluvarp	7,54 m	4. sæti
	60 m hlaup	9,86 sek	6. sæti
	60 m grind.	13,62 sek	4. sæti
	800 m hlaup	2:50 mín	4. sæti
Hákon Öder Einarsson	Hástökk	1,15 m	6. sæti
	Langstökk	3,17 m	10. sæti
	800 m hlaup	3:06 mín	7. sæti
	Kúluvarp	6,75 m	7. sæti
	60 m hlaup	10,57 sek	12. sæti
	60 m grind.	14,35 sek	5. sæti

### **Piltar 14 ára**

Arnar Einarsson	Hástökk	1,35 m	3.-4. sæti
	Langstökk	3,88 m	4. sæti



	Kúluvarp	7,46 m	9. sæti
	60 m hlaup	8,98 sek	3. sæti
	60 m grind.	12,48 sek	1. sæti
	800 m hlaup	2:54 mín	1. sæti
Víkingur Freyr Erlingsson	Hástökk	1,35 m	3.-4. sæti
	Langstökk	3,20 m	8. sæti
	Kúluvarp	8,75 m	6. sæti
	60 m hlaup	10,19 sek	8. sæti
	60 m grind.	14,13 sek	3. sæti
	800 m hlaup	3:27 mín	5. sæti
Halldór Bjarnason	Hástökk	1,20 m	6. sæti
	Langstökk	3,81 m	5. sæti
	Kúluvarp	8,74 m	7. sæti
	60 m hlaup	9,41 sek	6. sæti
	60 m grind.	13,17 sek	2. sæti
	800 m hlaup	2:56 mín	2. sæti
Sveinn Orri Einarsson	Hástökk	1,00 m	7. sæti
	Langstökk	3,68 m	6. sæti
	Kúluvarp	9,04 m	4. sæti
	60 m hlaup	9,64 sek	7. sæti
	800 m hlaup	2:57 mín	3. sæti
Einar Víglundur Kristjánss.	Kúluvarp	8,38 m	8. sæti

## Fundarboð

Rekstrarstjórn Félagsheimilanna í Flóahreppi boðar til aðalfundar 11. febrúar í Félagslundu og hefst fundurinn kl. 20:30 Á fundinum mun rekstrarstjórn gera grein fyrir störfum sínum og starfsemi félagsheimilanna á síðasta ári. Einnig verða áherslur og áætlanir þessa árs ræddar. Fundinum er ætlað að gefa eigendum félagsheimilanna tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum og hugmyndum varðandi rekstur og starfsemi húsanna á framfæri og vera sameiginlegur vettvangur eignaraðilanna fyrir umræður um málefni félagsheimilanna. Samkvæmt starfsreglum félagsheimilanna eiga atkvæðisrétt á fundinum allir kjörnir sveitarstjórnarmenn í Flóahreppi og einn fulltrúi frá hverjum hinna eignaraðilanna sem eru ungmennafélögin þrjú og kvenfélögin þrjú í Flóahreppi. Fundurinn er öllum opinn með málfrelsi og tillögurétt.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna.

**Fulltrúar á E- lista (Flóalistinn) við síðustu sveitarstjórnarkosningar boða til opins fundar í Félagslundi mánudagskvöldið 8. febrúar n.k. Fundurinn hefst kl. 21.00. Á fundinum verða rædd helstu mál á borði sveitarstjórnar Flóahrepps á þessu kjörtímabili. Einnig framboðsmál í kosningum til sveitarstjórnar næsta vor.**

**Valdimar Guðjónsson.**

### **Loksins, loksins**

Ég óska Siggú á Grund til hamingju með stórriddarakrossinn sem Forseti Íslands afhenti henni 1. janúar sl.

Næsti liður þyrfti að vera að Kvenfélagasamband Suðurlands myndi beita sér fyrir því að hún fengi listamannalaun. Það ætti að vera fljótgert því hún á myndir af flestum smíðis- og útskurðargripum sem hún hefur útbúið. Fjárveitinganefnd listamannalauna þyrfti að fara að Grund og skoða það sem hún hefur gert.

Eiríkur K. Eiríksson

### **Kvígur til sölu**

*Ef mjólk í fjósi magnast á  
máskve vantar yður kú.  
Tug af kvígum telja má  
talaðu við mína frú.*

Nokkrar kvígur til sölu í Egilsstaðakoti. Upplýsingar hjá Einari eða Ellu Veigu í síma 4863344/ 8645227

## Frá Hrossaræktardeild Hraungerðishrepps

Aðalfundur deildarinnar var haldinn í Þingborg 20. janúar síðastliðin. Mættir voru 17 félagar. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var Gunnar Arnarson með mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi. Var stjórnin endurkjörin á fundinum og er hún búin að skipta með sér verkum.

Formaður: Ágúst Ingi Ketilsson

Gjaldkeri: Einar Magnússon

Ritari: Ágúst Hjálmarsson

Varamenn: Ellen Bergan og Elín Magnúsdóttir

## Folaldasýning

Ákveðið er að halda folaldasýningu í Halakoti þann 21. febrúar kl. 13:30. Skráning er hjá Ágústi Inga í síma 899-5494 eða 482-1032. Síðasti skráningardagur er 19 febrúar. Þátttökugjald er 1000 kr. á folald sem greiðist á staðnum.

Hvetjum við félagsmenn til að skrá folöld sín til þátttöku. Vonumst við til að sjá sem flesta.

Stjórnin

## Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

### ADALFUNDUR

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður í Þingborg þriðjudaginn 2.MARS kl.20:30 Venjuleg aðalfundarstörf.Kosning formanns. Leggið dagsetninguna á minnið.

Stjórnin.

Kaffikonur. Anna Margrét,Ásdís,Helga Hermanns,Matthildur,Ólöf og Rósa

### HERBERGISKVÖLD

Hittumst í herberginu okkar í Þingborg þriðjudaginn 9.febrúar eftir kl.20;15.

Tekið á móti húfum og fleiri e.t.v. prjónaðar. Síðast mættu 9 konur hvað verða margar næst.Þurfum við ekki að rifja upp Þorrablótið !

Stjórnin

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	1. febrúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	2. febrúar
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	3. febrúar
Æfing yngri	3. febrúar
Grunnskólamót HSK í glímu	3. febrúar
Blakæfing í Þjósárverri	3. febrúar
Bíóferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	5. febrúar
Þorablót í Félagslundi	6. febrúar
Glímuæfing	8. febrúar
E– lista fundur í Félagslundi	8. febrúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	9. febrúar
Herbergiskvöld hjá Kvf. Hraungerðishrepps	9. febrúar
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	10. febrúar
Æfing yngri	10. febrúar
Blakæfing í Þjósárverri	10. febrúar
Aðalfundur félagsheimilanna	11. febrúar
Húfuprjónakvöld í Þjósárverri	12. febrúar
Innanhússmót Vöku	13. febrúar
Glímuæfing	15. febrúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	16. febrúar
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	17. febrúar
Æfing yngri	17. febrúar
Blakæfing í Þjósárverri	17. febrúar
Skjaldarglíma Skarphéðins	20. febrúar
Folaldasýning í Halakoti	21. febrúar
Glímuæfing	22. febrúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	23. febrúar
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	24. febrúar
Æfing yngri	24. febrúar
Blakæfing í Þjósárverri	24. febrúar
Skautuferð Vöku	25. febrúar
Prjónakvöld í Gaulverjaskóla	25. febrúar
Aðalfundur Kvf. Hraungerðishrepps	2. mars.
Fundur um skólamál	4. mars